

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990–2010.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. febrúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990–2010 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að í stað götu með ströndinni, sunnan við olúbirgðastöðvar á Óseyri kemur ný gata norðan þeirra og jafnframt stækkar iðnaðarsvæði til suðurs þannig að lóðir olúbirgðastöðvanna nái til sjávar.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 10. mars 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991–2001.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Njarðvíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. febrúar 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991–2001, sem staðfest var 26. ágúst 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að reitur fyrir opinberar stofnanir (bæjarskrifstofur og áhaldahús) á Fitjum minnkar til norðurs en stækkar til vesturs og verður þar aukið við lóð undir starfsemi trúarsafnaðar.

Bæjarstjórn Njarðvíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 10. mars 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.